



Akureyrarbær

Jafnréttisviðurkenningar Akureyrar árið 2022

Árlega veitir Akureyrarbær sérstaka viðurkenningu vegna mannréttindamála og í ár eru það annars vegar einstaklingar og hins vegar stofnun sem hlýtur viðurkenninguna.

Norðurslóðanetið hlýtur mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar árið 2022, en Norðurslóðanetið hefur ötullega sinnt málefnum sem snerta kynjajafnrétti á norðurslóðum. Í um áratug hefur Norðurslóðanetið stýrt verkefninu Gender Equality in the Arctic sem beinir sjónum að kynjajafnrétti á norðurslóðum þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að viðurkenna og meta fjölbreytileika hvað varðar kyn, frumbyggja, stjórnarhætti, menntun, hagkerfi, félagslegan veruleika, sjálfbærni og þátttöku í forystu og ákvarðanatöku bæði í opinbera geiranum og einkageiranum. Stórum áföngum hefur verið náð með þrotlausri vinnu að verkefninu, m.a. með útgáfu tímamótaskýrslu um stöðu jafnréttis á Norðurslóðum sl. vor. Embla Eir Oddsdóttir er framkvæmdastjóri Norðurslóðanetsins.

Mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar hljóta að þessu sinni þær Berglind Júlíusdóttir og Sigríður Edda Ásgrímsdóttir, hjúkrunarfræðingar og meðlimir í Rauða krossinum á Akureyri, fyrir framlag sitt í verkefninu Frú Ragnheiður á Akureyri. Frú Ragnheiður er skaðaminnkandi verkefni sem felst í nálaskiptaþjónustu, sálrænum stuðningi og heilbrigðisaðstoð fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æð. Verkefnið miðar að því að ná til jaðarsettra einstaklinga í samfélaginu og draga úr áhættu og skaða sem hlotist getur af notkun vímuefna, með valdeflingu að leiðarljósi.